

Nd.

328. Nefndarálit

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja jarðirnar Laxárdal og Ymjaberg á Skógarströnd og Gröf í Staðarsveit.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur rætt mál þetta á fundi sínum, en ekki orðið alls kostar sam-
mála um afgreiðslu þess. Einn nefndarmaður (JPálm) vildi samþykkja það óbreytt.
Annar nm. (SG) vildi láta fella það. Þrír nefndarmenn (þeir JS, EmJ og BÁ)
leggja til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU.

Aftan við 1. gr. bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Jarðir þær, sem um getur í tölul. 1 og 2, skulu seldar með því skilyrði, að
þær verði jafnframt gerðar að ættaróðali samkv. l. nr. 116/1943, um ættaróðal og
erfðaábúð.

Eyðijörðin Gröf í Staðarsveit selst með því skilyrði, að hún verði sameinuð
jörðinni Ölkeldu í sömu sveit eða hluta af henni, ef jörðinni verður skipt.

Alþingi, 18. sept. 1944.

Bjarni Ásgeirsson,	Jón Pálmason,	Jón Sigurðsson.
form., frsm.	fundaskr.	
Emil Jónsson.	Sigurður Guðnason.	